

## 2. Fundur Umhverfisnefndar SSNE

Teams fundur, fimmtudaginn 11. febrúar 2021, 14:00

Mætt: Salbjörg Matthíasdóttir, Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Sveinn Margeirsson, Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, Ottó Elíasson og Silja Jóhannesdóttir starfsmaður nefndar.

Samþykkt var á fundi stjórnar SSNE, 13. Janúar 2021, að mynda Umhverfisnefnd SSNE þar sem sá málaflokkur kom inn nýr við gerð síðustu Sóknaráætlunar SSNE og er ein af þrem meginstoðum hennar.

### Dagskrá

#### Fundargerð 1. Fundar:

Samþykkt

#### Vistorka og UMSA:

Guðmundur fór yfir verkefni Akureyrarbæjar. Akureyrarbær er búinn að setja upp drög að Umhverfis- og loftlagsstefnu Akureyrarbæjar 2020-2030. Stefnan mun taka yfir núverandi Umhverfis- og samgöngustefnu frá des.2016. Vinna starfsmanna er búin, Vistorka og UMSA. Nú fer þetta fyrir pólitíkina.

Eru önnur sveitarfélög komin af stað í þetta?

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit er með vinnu í gangi varðandi þetta í samhengi við aðrar stefnur í sveitarfélagsins.

Norðurþing er með umhverfisstefnu í vinnslu.

Hörgársveit er með umhverfisstefnu í vinnslu.

Silja skoðar hvað fleira er komið af stað.

Skv. Ottó voru ekki fleiri komnir af stað með þá vinnu þegar þau áttu samtal við framkvæmdastjóra sveitarfélaga fyrir júl 2020.

#### Útdeiling áherslupeninga:

-Hvað með að byrja t.d. á úrgangsmálunum og samræma flokkun? Taka á mismunandi möguleikum eftir búsetu og mikilvægi fræðslunnar. Sama stefnan yfir allt- fólk í sveitum, þetta getið þið gert. Sveitarfélögin verði með svipaða svona stefnu. Mikilvægt samt að það á ekki að vinna allsstaðar eins með úrgang.

Hvert er næsta skref varðandi loftlagsmál og stefnu? Hvað á að gera með þessi 11 sveitarfélög sem ekki eru farin af stað?

Hvað er markmiðið? Að búa til loftlagsstefnu til að mæta einhverjum kröfum eða draga úr mengun.

-Verkefni Eims og SSNE – Byggjum þekkingarbrýr loftlagsmála sem felur í sér að byggja ofan á verkfærakistu SÍS og kostnaðargreina aðgerðirnar. Eiga áherslupeningar að fara í að vinna þetta áfram ef peningar koma ekki annars staðar frá?

- Hakaþon framundan, Hacking Norðurland, þar sem áhersla er á Matur-Orka- Vatn. Hvetja krakkana til að taka þátt t.d. og veita fókus á það í þessu ljósi.

Mikið ákall frá íbúum á NÍN svæðinu er tengt umhverfismálum og taka stór skref.

#### -Hvernig á að forgangsraða áherslupeningum?

Fræðsla er gríðarlega mikilvæg. Kaupa fræðslu- þarf ekki að vera lókal. Gera hana skemmtilega, við eigum að hætta öllu, kaupa, keyra, hvað á ég að gera í staðinn? Vera á zoom? Nefndin verði verkefnastjórn í þessu verkefni, þetta árið. Nefndarfólk gæti komið með innlegg í fundina.

Nefndin sammála að fara fram með tvær aðgerðir:

1. Skapa umræðuvettvang fyrir loftlagsstefnuna. Formenn nefnda í sveitarfélögum sem hafa með þessi mál að gera, umhverfisstjórar og framkvæmdastjórar. Fá kynningar frá Environice eða öðrum landshlutasamtökum.
2. Vinnustofa með umhverfisstjórum/framkvæmdastjórum sveitarfélaga. Skoða Environice eða Andrými í það. Silja fer í það að kalla saman í vinnustofu tengda loftlagsmálum, skoða þetta með Andrými eða öðrum sérfræðingum. Hvað vilja sveitarfélögin, hvað eru sveitarfélög að gera og hvað þarf til framtíðar. Hafa augun á markmiðinu. Biðja um einstaklingana innan stjórnsýslunnar sem hafa áhugann og viljann.

#### **Næstu skref:**

Sendi doodle link fyrir næsta fund.

Silja sendir fundargerð frá 1. fundi á stjórn SSNE

Fyrstu skref í að ná sameiginlegri sýn.

Munum að fókusinn í dag er á því sem Ísland hefur skuldbundið sig til en muna eftir hinu. Sveitarfélögin þurfa að fara í aðgerðir til að Ísland nái markmiðum sínum en það væri gott að hafa fókus á aðra þætti.

Sveinn fór af fundi 14:45

Rut fór 14:55

Salbjörg fór 15:00

#### **Önnur mál**

- **Líforkuverið**
- **Kynning á plasti**

Silja upplýsti um að þetta tvennt, að líforkuverið verði kynnt á sameiginlegum föstudagsfundi með kjörnum fulltrúum og að Vistorka í samstarfi við SSNE ætlar að bjóða umhverfisstjórum og framkvæmdastjórum á kynningarfund varðandi nýjar leiðir í þróun á vinnslu á notuðu plasti. Verður 26. Febrúar, boð á fundinn fer mánudaginn 15. febrúar.
- **Annað:**

Hafa fleiri vinnustofur með mism. hópum og náum þannig til fleiri aðila.  
Fá Environice í kynningu fyrir nefndina fyrir næsta fund.

Fundi lokið 15:11